

Aðgangur lækna að sjúkraskrá

Nýlega kvað Persónuvernd upp úrskurð í máli nr. 2025020471 (áður 2023091441) um uppflettingu sérfræðilæknis í sjúkraskrá.¹ Málið snýst um lögmæti uppflettinga læknisins B á liðlega þriggja ára tímabili í sjúkraskrá kvartanda A, sem á þeim tíma tengdist honum fjölskylduböndum. B gat ekki útskýrt uppflettingarnar, sem voru níu talsins, en taldi þær allar tengjast tilfallandi en umbeðinni læknisfræðilegri aðstoð hans við A.

Landspítalinn upplýsti að fyrstu tvær uppflettingarnar voru ekki gerðar á spítalanum. Landspítalinn taldi þrjár uppflettinganna lögmætar því vinnslan hafi verið í þágu A í þeim tilgangi að aðstoða hann við smávægileg læknisviðvik, það er lyfjaávisun. Við það hafi skapast meðferðarsamband milli B og A, sem Landspítalinn gat sannreynt. Vinnslan hafi því fallið undir nánar tilgreind ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár í þeim tilgangi að veita meðferð og hafi þannig verið unnin með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti gagnvart A og að hans beiðni. Landspítala tókst ekki að rekja erindi B í sjúkraskrá A í fjögur af umræddum níu skiptum.

B segir í skýringum sínum að hann liðsinni oft nánum ættingjum og fjölskyldum þeirra í stórum sem smáum heilsuvanda og eftir atvikum aðstoði við að koma heilsuvanda þeirra í réttan farveg eða annist sjálfur minniháttar meðferðarinngríp, svo sem ávisun sýklalyfja eða verkjalyfja. Meðan A tengdist honum fjölskylduböndum bauðst A læknisfræðileg ráðgjöf og aðstoð frá B, sem A nýtti sér alloft. B mundi ekki ástæður allra níu uppflettinganna sem A kvartaði yfir. Langt væri um liðið og samtöl hans við A um læknisfræðileg vandamál verið mörg á umræddu tímabili, oftast minniháttar. B var þess þó fullviss að uppflettingarnar níu hafi allar verið gerðar í kjölfar beiðni A um læknisfræði-

lega aðstoð. B sendi skjáskot af samskiptum hans við A og dóttur sína í gegnum smáskilaboðaforrit. Samskiptin staðfestu að A óskaði læknisfræðilegrar ráðgjafar og/eða lyfjaávisana frá B á mismunandi tímabilum.

Persónuvernd telur Landspítala ábyrgðaraðila uppflettinga starfsmanna sinna í sjúkraskrá þegar þær eru framkvæmdar af þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem koma að meðferð sjúklings og þurfa á sjúkraskráupplýsingum hans að halda vegna meðferðarinnar, sbr. 13. gr. laga nr. 55/2009. Fari starfsmaður út fyrir aðgangsheimildir sínar beri hann sjálfur ábyrgð á því. Persónuvernd taldi sig ekki hafa forsendur til að endurskoða það mat eftirlitsnefndar Landspítala um rafræna sjúkraskrá að uppflettingar B í sjúkraskrá A í þrjú tilgreind skipti hafi verið lögmætar þar sem meðferðarsamband hafi skapast milli B og A og uppflettingarnar tengst eðlilegum störfum B vegna lyfjaávisunar. Ekkert annað liggja því fyrir en að þessar þrjár uppflettingar B í sjúkraskrá A hafi verið heimilar, sbr. 13. gr. laga nr. 55/2009 og vinnslan því í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018. Jafnframt teljist Landspítalinn ábyrgðaraðili þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem í þeim fólst.

Hvað varði hinar sex uppflettingar B í sjúkraskrá A þá hafi uppflettingar ýmist ekki átt sér stað á Landspítala eða ekki hafi tekist að rekja hvaða erindi B átti í sjúkraskrá A í umrædd skipti. Þó Persónuvernd telji óumdeilt að B hafi veitt A læknisfræðilega ráðgjöf og þjónustu þá sýni gögn málsins ekki með óyggjandi hætti að B hafi komið að meðferð A á þeim tíma sem þessar sex uppflettingar fóru fram eða að honum hafi verið nauðsynlegur aðgangur að sjúkraskráupplýsingum A í þessi skipti, sbr. 13. gr. laga nr. 55/2009. Jafnframt liggja ekki fyrir að A hafi veitt skýrt og afdráttarlaust samþykki sitt fyrir þessum sex uppflettingum B. Persónuvernd taldi því að B hafi ekki tekist að sýna fram á að þessar



Dögg Pálsdóttir

framkvæmdastjóri LÍ og lögfræðingur

sex uppflettingar í sjúkraskrá A hafi stuðst við viðeigandi vinnsluheimild skv. lögum nr. 90/2018.

Varðandi beitingu valdheimilda kemur fram að Persónuvernd geti veitt ábyrgðaraðila eða vinnsluáðila áminningu og lagt stjórnvaldssektir á þá sem brjóta af ásetningi eða gáleysi gegn þeim ákvæðum, sem hér eiga við. Niðurstaða Persónuverndar var þó sú að veita B hvorki áminningu né leggja á hann stjórnvaldssekt vegna brota hans við þessar sex uppflettingar í sjúkraskrá A. Var þar horft til þeirra atriða, sem áhrif geta haft á ákvörðun um stjórnvaldssekt, annarra lögmæltra sjónarmiða, reglna um meðalhóf og málsatvika í heild og sérstaklega þess að B veitti A sannanlega í einhverjum tilvikum læknisfræðilega ráðgjöf og þjónustu að hans beiðni.

Það er mikilvægt að lækna dragi nauðsynlegan lærdóm af þessum úrskurði, sem snýst um læknisfræðilega ráðgjöf og þjónustu lækna við skylda eða tengda aðila og heimildir lækna til uppflettingar í sjúkraskrá viðkomandi í slíkum tilvikum. Lærdómurinn sem draga þarf er sá að lækna gæti þess að afla sér skýrs umboðs eða annarra sannanlegra heimilda frá þessum aðilum fyrir því að mega fletta upp í sjúkraskrá viðkomandi, telji lækni það nauðsynlegt vegna tilfallandi veitingar læknisfræðilegrar ráðgjafar og þjónustu við þá. Jafnframt er nauðsynlegt í tilvikum sem þessum að skrá í skýringarreit hverju uppflettingin tengist. Með þessu getur lækni bæði staðfest heimild fyrir uppflettingu í sjúkraskrá frá viðkomandi og skráð hver var tilgangur uppflettingarinnar.

1. Úrskurðurinn er aðgengilegur á heimasíðu Persónuverndar á þessari slóð: <https://island.is/s/personuvernd/urskurdir-akvardanir-og-alit/uppflettingar-landspitala-og-serfradilaeknis-i-sjukraskra>.